

ÁRSSKÝRSLA 2018

Starfstímabil 1. júní 2017- 31. maí 2018

Lögð fram á aðalfundi félagsins . júlí 2018

ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ GERPLA



ALMENNT.....	2
STARFSEMI FÉLAGSINS.....	2
Almennir fimleikar fyrir börn og unglina.....	2
Almennir fimleikar fyrir fatlaða.....	2
Fimleikar fyrir alla FFA.....	2
Áhaldafimleikar.....	2
Hópfimleikar.....	2
Parkour.....	3
Samstarf - rútur.....	3
Fræðslufyrirlestrar fyrir foreldra og iðkendum.....	3
STJÓRN & starfsmenn.....	4
BIÐLISTI & fimleikasalurinn.....	4
húsnæðismál.....	4
Samningar við Adidas og fimleikavörur.is.....	Error! Bookmark not defined.
SÍK og samstarf íþróttafélganna.....	4
AÐBÚNAÐUR OG ÁHÖLD.....	5
FORELDRAráð.....	6
VORSÝNING 2017 Safari.....	8
UPPSKERUHÁTIÐ GERPLU.....	9
Uppskeruhátið ítík.....	13
MÓT, VIÐBURÐIR, ÁRANGUR.....	14
ÁHALDAFIMLEIKAR INNANLANDS.....	14
TM mótið.....	14
Haustmót I – þrep 5.-4. þrep.....	15
Haustmót II – Frjálsar æfingar, 1. -3. þrep.....	16
ÞRepamót – öll þrep.....	20
Bikarmót.....	22
Íslandsmót í þrepum.....	24
Íslandsmót í þrepum – special olympics.....	24
Íslandsmót.....	25
GK meistaramót.....	26
HÓPFIMLEIKAR INNANLANDS.....	29
Haustmót I – 3. og 4. flokkur.....	30
Haustmót II – 1. og 2. flokkur.....	31
Toppmótið.....	32
Bikarmót unglina.....	33
WOW Bikarmót.....	35
Íslandsmót.....	36
ÁHALDAFIMLEIKAR ERLENDIS.....	39
Norður evrópumót.....	39
Heimsbikarmót – Turnier der meister.....	39
RIG – Reykjavík International.....	39
Norðurlandamót unglina og U-14 drengja.....	40
Evrópumót – fullorðinna.....	40
HÓPFIMLEIKAR ERLENDIS.....	40
Evrópumót í hópfimleikum.....	40
STARFSMANNAMÁL.....	41

ALMENNT

Íþróttafélagið Gerpla er kraftmikið félag með öflugt starfsfólk sem stýrir starfsemi félagsins. Það hefur verið stöðugur vöxtur hjá félaginu undanfarin ár og mátti einnig sjá vöxt á liðnu starfsári. Félagið hefur unnið við húsnæðisskort þar sem æfingaaðstaða Gerplu í Versölum ber ekki allan þann fjölda sem vill sækja æfingar hjá félaginu en það sér nú fyrir endan á því með nýju fimleikahúsi við Vatnsendaskóla sem mun verða samnýtt af Gerplu og Vatnsendaskóla. Gerplurútan gerir það að verkum að hægt er að nýta húsnæðið í Versölum betur með því að byrja æfingar fyrr á daginn og um leið nýtast starfsmenn betur. Gerpla er stolt af því að bjóða nú öllum iðkendum í fyrsta og öðrum bekk í grunnskólum Kópavogs upp á rútuferðir á æfingar beint eftir skóla og eru einnig iðkendur í 3.-5. bekk sem nýta sér ferðirnar þegar hentar.

Gerpla stóð fyrir mjög fjölbreyttri starfsemi á tímabilinu en iðkendur voru rúmlega 2.500 þar af voru yfir 2.000 virkir iðkendur sem æfðu allt starfstímabilið hjá félaginu. Sumir nýta sér einungis sumarnámskeið og aðrir vetraræfingar en margir sækja æfingar allt árið um kring.

Eins og áður segir stöndum við á tímamótum hvað varðar skipulagningu komandi vetrar en nýtt fimleika- og íþróttahúss við Vatnsendaskóla opnaði við hátíðlega athöfn 11.maí 2018.

STARFSEMI FÉLAGSINS

Gerpla bauð upp á eftirfarandi æfingar á starfstímabilinu:

ALMENNIR FIMLEIKAR FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

Félagið var með grunnhópa og framhaldshópa fyrir stúlkur og pilta.

ALMENNIR FIMLEIKAR FYRIR FATLAÐA

Félagið bauð upp á tvo hópa í vetur þar sem iðkendur með ýmisskonar fatlanir nýttu sér þjónustu félagsins. Annars vegar er um að ræða keppnishóp og hins vegar grunnhóp.

FIMLEIKAR FYRIR ALLA FFA

Boðið var uppá fimleika fyrir alla frá 9 ára aldri. Keyrt var á yngri og eldri hóp en einnig voru í boði fimleikar fyrir fullorðna en þau hafa æft í Gerplu síðustu ár.

ÁHALDAFIMLEIKAR

Boðið var upp á áhaldafimleika fyrir pilta og stúlkur. Iðkendurnir kepptu í íslenska fimleikastiganum og í frjálsum æfingum skv. keppnisreglum FSÍ & FIG. Iðkendur okkar tóku þátt á millifélagamótum, mótum Fimleikasambandsins og sem fulltrúar í landsliðum Íslands á erlendri grundu.

HÓPFIMLEIKAR

Boðið var upp á hópfimleika fyrir pilta og stúlkur. Gerpla átti keppendur í karlaflokki og kvennaflokki. Iðkendurnir okkar kepptu á innlendum og erlendum vettvangi með félagsliðum sínum. En Gerpla átti þátttakendur bæði á norðurlandamóti fullorðina sem fram fór í Svíþjóð haustið 2017 sem og á norðurlandamóti unglunga sem fram fór í Finnlandi í apríl 2018.

PARKOUR

Félagið bauð upp á þrjá flokka í parkour í vetur en einn flokkurinn var byrjendahópur sem æfði einungis einu sinni í viku. Hinir tveir flokkarnir æfðu tvisvar í viku. Mikil eftirspurn er eftir parkouræfingum og sjáum við framá að geta boðið fjölbreyttari parkourþjónustu frá og með hausti 2018.

SAMSTARF - RÚTUR

Samstarf Gerplu við skóla og leikskóla í hverfinu var gott á þessu starfsári. Boðið hefur verið upp á rútuferðir frá öllum skólum Kópavogs í vetur. Með þessu fyrirkomulagi var hægt að koma fleiri iðkendum að hjá félaginu en einnig var hægt að nýta íþróttasalinn betur ásamt því að iðkendurnir luku æfingum sínum fyrr á daginn. Rútan fer einn hring í efri byggðir og einn hring í neðri byggðir Kópavogs og sækir börnin á æfingar. Elva Björg Gunnarsdóttir hefur verið starfsmaður Gerplu í rúttunni og séð til þess að börnin spennu sig í belti og hefur passað uppá samskipti og umgengni á leiðinni.

Samstarf við Salaskóla og leikskólann Fífusali var með hefðbundnum hætti og var mikil ánægja með fyrirkomulagið en þangað eru iðkendurnir sóttir á æfingar og starfsmaður leikskólans fylgir hópnum. Að lokinni æfingu fylgir starfsmaðurinn börnunum aftur í leikskólann. Börnin í dægradvöl Salaskóla hlaupa yfir á æfingu og fara svo aftur til baka að loknum æfingum hjá Gerplu. Í þessu samstarfi bauð Gerpla upp á hefðbundna fimleikapjálfun en félagið stóð einnig fyrir íþróttatímum fyrir dægradvöl Salaskóla þar sem börn úr dægradvöl komu í tíma hjá Gerplu endurgjaldslaust.

Þá áttu starfsmenn félagsins í samvinnu við önnur fimleikafélög á tímabilinu. Gerpla hefur einnig reynt að stuðla að samþættingu á æfingatímum yngri iðkenda við HK og Breiðablik eftir bestu getu. Nú á vormánuðum hafa forsvarsmenn félaganna hisst og reynt að samþætta rútukeyrslur félaganna og er ekki enn ljóst hvort það muni nást fyrir haustið en reynt verður til hlítar til að spara bæði peninga draga úr mengun í umhverfið.

FRÆÐSLUFYRIRLESTRAR FYRIR FORELDRA OG IÐKENDUR

Á haustönn 2017 stóð foreldraráð Gerplu fyrir foam-flex námskeiði fyrir iðkendur í keppnishópum Gerplu. Ákveðið var að hafa námskeiðið tvískipt fyrir yngri og eldri iðkendur og var þátttakan mjög góð bæði kvöldin. Valdís S. Sigurþórsdóttir einkapjálfari og stofnandi foam-flex á Íslandi kenndi á námskeiðinu og létu krakkarnir vel af kennslunni. Foam flex er sjálfnúddandi aðferð þar sem unnið er á vöðvum, bandvef og trigger- punktum. Til að útskýra áhrif foam flex þarf að hafa í huga hvert er hlutverk bandvefjar.

Í lok febrúar 2018 kom Bjarni Fritzson í heimsókn í Gerplu og hélt fyrirlestra bæði fyrir iðkendur 12 ára og eldri og foreldra iðkenda í Gerplu. Það er skemmst frá því að segja að fyrirlestrarnir voru vel sóttir bæði af iðkendum og foreldrum en tæplega 100 manns mættu hvort kvöldið fyrir sig. Bjarni náði vel til iðkendanna sem voru hæstánægðir með kvöldið. Foreldrafélagið hafði einnig frumkvæði að þessum viðburði. Við í Gerplu erum afar þakklát fyrir að hafa svona virkt foreldrafélag á okkar snærum.

STJÓRN & STARFSMENN

Á tímabilinu voru níu bókaðir fundir haldnir í stjórn félagsins. Auk þeirra voru haldnir óformlegir fundir um einstök málefni. Sjö fulltrúar eru kjörnir í stjórn á aðalfundi félagsins. Framkvæmdastjóri sat alla fundi stjórnar og fjármálastjóri félagsins þegar til hans var kallað.

Stjórn félagsins var skipuð eftirfarandi aðilum: Harpa Þorláksdóttir, formaður, Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, varaformaður, Atli Björn Þorbjörnsson, Hjalti Ragnar Eiríksson, Marta Kristín Sigurjónsdóttir, Sif Pálsdóttir og Sigrún Óskarsdóttir.

Hjá félaginu voru starfandi rúmlega 100 þjálfarar ásamt starfsfólki í afgreiðslu og á skrifstofu. Olga Bjarnadóttir er framkvæmdastjóri félagsins. Heiður Hjaltadóttir lét af störfum á vormánuðum sem fjármálastjóri félagsins en við hennar starfi tók Hildu Gottskálksdóttir.

BIÐLISTI & FIMLEIKASALURINN

Skráningar á biðlistann eru reglulegar og iðkendur þurfa oftast en ekki að bíða í lengri tíma. Vel hefur gengið þennan veturinn að taka inn iðkendur á yngsta stigi, en aftur á móti eru ennþá langir listar hjá eldri börnum sem þurfa fleiri æfingatíma. Varanleg lausn til frambúðar ætti að nást í tengslum við nýtt æfingahúsnæði Gerplu að Vatnsenda og verður spennandi að sjá hvernig til tekst á nýjum stað.

HÚSNÆÐISMÁL

Byggingu nýs íþrótt- og fimleikahúss við Vatnsendaskóla er lokið og var húsið formlega opnað við hátíðlega athöfn þann 11.maí síðastliðinn en sá dagur er afmælisdagur bæjarins. Húsið hefur verið í notkun síðan þá en mikilvægt var að finna hvernig húsið virkaði í fullri starfssemi áður en haustið er skipulagt. Það horfir því til bjartari tíma í starfi Gerplu þar sem þjálfarar og iðkendur fá mun betri vinnuaðstöðu og þjálfarar ættu að finna mun á álagi í salnum.

SÍK OG SAMSTARF ÍPRÓTTAFÉLAGANNA


Íþrótt- og tómsbundanefnd Kópavogsbæjar óskaði eftir samningum við íþróttafélög í Kópavogi um stofnun nýs hagsmunafélags íþróttafélaganna sem skammstafast SÍK. Samstarfsvettvangur íþróttafélaga í Kópavogi (SÍK) á að efla samtalið og samstarfið á milli félaganna í bænum. Ráða átti starfsmann í 50% starf til að sinna þessum málum en helstu hlutverk þessa nýja félags er að úthluta tímum í íþróttamannvirkjum bæjarins, úthluta styrkjum í keppnis- og æfingaferðir sem og starfsstyrkjum til íþróttafélaganna. Frá síðasta aðalfundi félagsins hefur lítið gerst. En fulltrúar stærstu félaganna endurskoðuðu lög félagsins. Þeir sátu í starfsstjórn en ekkert meira hefur gerst og hefur félagið ekki tekið formlega til starfa. Samt sem áður hefur Kópavogsbær ýtt þessum verkefnum frá sér til hins nýja félags og er svo komið að allt er stopp. Félögin eru í óvissu með tíma í íþróttahúsum næsta vetur og engir styrkir eru afgreiddir á meðan að málin standa

svona. Þegar þetta er skrifað er allt komið á fullt og búið að ráða starfsmann í 50% starf en fyrsta verkefni félagsins fyrir utan það að útdeila fjármagni til íþróttafélaganna var að aðstoða félögin við að reka sameiginlegan frístundavagn og skýrast þau mál á næstu dögum. Það er von okkar í Gerplu að þetta nýja félag eigi eftir að gera gott íþróttastarf enn betra í Kópavogi. Atli Björn Þorbjörnsson stjórnarmaður úr Gerplu hefur verið fulltrúi okkarí nýja félaginu og látið til sín taka. Við erum honum afar þakklát fyrir það framlag.

Framkvæmdastjóri hefur setið fundi með framkvæmdastjórum HK og Breiðabliks meðal annars til að ræða samstarfsvettvang á frístundavagni en einnig hafa fjármálastjórar hisst til að bera saman bækur sínar og nýta þekkinguna sem býr í þessum stóru félögum. Málið með frístundavagninn gæti verið að hreyfast í rétta átt en Markaðsstofa Kópavogs kallaði fulltrúa stærstu félaganna í Kópavogi á fund til að reyna að ráða fram úr þessum málum.

AÐBÚNAÐUR OG ÁHÖLD

Þetta árið var talsverðum fjárhæðum sem og undanfarin ár varið í endurnýjun áhalda en Gerpla er með mjög skilvirkt eftirlit með ástandi tækja í fimleikasalnum til að sporna gegn meiðslum eða óþarfa vanrækslu á áhöldum. Ráðist var í stærri verkefni síðasta ár en þetta árið var ráðist í upplyftingu á miðjugryfjunni í austursal Versala. Ákveðið var að breyta gryfjunni úr dýnugryfju í púðagryfju og hefur það reynst vel.



FORELDRARÁÐ

Foreldraráð Gerplu var stofnað í janúar 2014 fyrir alla keppnishópa Gerplu í því skyni að efla og auka samvinnu á milli Gerplu og foreldra iðkenda. Stjórn foreldraráðs samanstendur nú af sjö foreldrum, þar af er einn stjórnarmanna tengiliður við fjáröflunarnefnd og annar við sjoppunefnd. Stjórnin fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði á starfsárinu.

Starfsárið var viðburðaríkt og tókst að mati stjórnarinnar vel til. Það hófst á því að skipaðir voru umsjónarmenn úr hópi foreldra fyrir flesta keppnishópa félagsins. Umsjónarmönnum er ætlað að vera tengiliðir félagsins við aðra foreldra iðkenda í hópunum auk þess sem þeim er ætlað veigamikil hlutverk við skipulagningu á hópefli fyrir viðkomandi iðkendur sem og aðkomu að skipulagningu og undirbúningi keppnisferða og æfingabúða eftir því sem þörf krefur. Umsjónarmennirnir stóðu sig allir með stakri þryði og var gaman sjá hversu duglegir þeir voru að skipuleggja hópefli fyrir iðkendurna.

Foreldrar iðkenda í meistarflokkum félagsins, bæði í áhaldafimleikum og hóp fimleikum, héldu áfram starfsemi undir merkjum Máttarstólpa sem ætlað er að styðja sérstaklega við iðkendur í þeim flokkum og halda utan um fjáraflanir fyrir þá. Máttarstólpar eru mikilvæg viðbót við það öfluga foreldrastarf sem fram fer á vettvangi foreldraráðs Gerplu.

Stjórn foreldraráðs kom að skipulagningu fræðslufunda fyrir foreldra um einkunnagjöf bæði í áhaldafimleikum og hóp fimleikum og stóð fyrir fræðslufundi fyrir foreldra og eldri iðkendur félagsins um næringu íþróttafólks. Allir þessir fundir voru vel sóttir og mikil ánægja ríkti meðal fundargesta.

Stjórn foreldraráðs hélt að vanda jólaball í desember fyrir alla iðkendur félagsins og tóks vel til. Mætingin var góð og allir skemmtu sér vel.

Þá stóð stjórn foreldraráðs fyrir lasertag skemmtun fyrir iðkendur í keppnishópum félagsins undir lok keppnistímabilsins og mættu tæplega 150 kátir iðkendur til leiks. Skemmtunin mæltist vel fyrir og var það samdóma álit okkar í stjórn foreldraráðs að um væri að ræða viðburð sem vert væri að gera að föstum lið í starfi foreldraráðs.

Sjoppunefndin stóð fyrir öflugum starfi í vetur. Farið var af stað með tilraunaverkefni í upphafi vetrar, svokallaðar vöflusjoppur um helgar. Erfiðlega gekk hins vegar að manna þær vaktir og var því ákveðið að hverfa frá því verkefni að svo stöddu. Það voru sex mót á vegum Gerplu í vetur og var sjoppunefndin með sjoppu á þeim öllum auk vorsýningar félagsins. Þeir iðkendur sem kusu að taka vaktir í sjoppunni uppskáru vel og fengu á bilinu 5500-8000 krónur fyrir hverja vakt. Er það ekki síst ötulu starfi meðlima sjoppunefndar að þakka sem unnu hörðum höndum að því að fá varning til sölu í sjoppunni ýmist án endurgjalds eða gegn vægu gjaldi.

Fjáröflunarnefndin stóð fyrir sjö fjáröflunum í vetur. Það er stefna nefndarinnar að bjóða upp á fjölbreyttar fjáraflanir til að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Fjölmarginir iðkendur nýttu sér þær fjáraflanir sem

Í boði voru og uppskáru vel. Þeir iðkendur sem kjósa að taka þátt í fjáröflunum nefndarinnar geta ráðstafað sínu fjáröflunarfé að vild, notað það í æfingaferðir innanlands eða utan, æfingagjöld eða æfingafatnað svo dæmi séu nefnd.

Framangreindu til viðbótar aðstoðaði stjórn foreldraráðs við undirbúning og framkvæmd ýmissa viðburða sem haldnir voru á vegum félagsins á nýafstöðnu starfsári.

Stjórn foreldraráðs hefur lagt mikinn metnað í að móta starfið og koma því í farveg. Það er stefna stjórnarinnar að komandi starfsár foreldraráðs Gerplu hefjist af krafti og staðið verði fyrir skemmtilegum viðburðum fyrir bæði iðkendur og foreldra auk áframhaldandi stefnumótunarvinnu.

Virðingarfyllt

Stjórn foreldraráðs Gerplu

VORSÝNING 2018 GERPLA OG LEITIN AÐ SKELLIBJÖLLU

Vorsýningin 2018 bar heitið Gerpla og leitin að skellibjöllu. Sýningastjórar voru tveir en það voru þær Rakel Másdóttir og Gunnur Líf Gunnarsdóttir. Þeim til aðstoðar var Stefanía Eypórsdóttir deildastjóri. Verkefnið var glæsilegt að vanda og var almenn ánægja með hvernig til tókst.

Búningar í sýningunni voru glæsilegir og ber þar að þakka Saumsprettan kom að einhverri búningagerð en Helen Nilsen Guðjónsdóttir var einnig kröftug í saumaskap og undirbúningi. Okkur langar að koma á framfæri sérstökum þökkum til Helen.

Í byrjun hvernar sýningar voru veittar viðurkenningar til handa iðkendum og þjálfurum sem hafa staðið sig vel í vetur. Valið er ávallt erfitt en margir koma til greina að fá þessar viðurkenningar.

Sýningarnar voru samtals fimm þetta árið líkt og í fyrra, allar sýndar fyrir fullri stúku af áhorfendum. Leitast var eftir samstarfi við tix.is líkt og síðasta ár með miðasölu á sýninguna og gekk það samstarf vel.

Um miðjan maí var æfingaskipulagi hópa breytt og settar upp samæfingar hjá þeim hópum sem voru saman í atriði sem gekk mjög vel en svo var keyrt á generalprufur síðustu dagana fyrir frumsýningu.

Sýningarnar gengu mjög vel og líkt og síðustu ár, var mikil áhersla lögð á undirbúning við ljósavinnu sem varð til þess að sýninginn rúllaði mjög auðveldlega í gegn.



UPPSKERUHÁTIÐ GERPLU

Undanfarin ár hefur Uppskeruhátíð Gerplu verið haldin sem sér viðburður í maí, en vegna fjölda móta og annarra viðburða innan fimleikahreyfingarinnar var engin helgi laus að þessu sinni. Ákvörðun var því tekin að veita viðurkenningar samhliða vorsýningunni eða í byrjun sýninga sem setti hátíðlegan svip á sýninguna.

Eftirfarandi viðurkenningar voru veittar:

- Afreksbikar Gerplu í áhaldafimleikum kvenna og karla
- Afreksbikar Gerplu í hópfimleikum
- Hvatningarbikar Gerplu í áhaldafimleikum kvenna og karla
- Hvatningarbikar Gerplu í hópfimleikum
- Þjálfaraviðurkenningar í áhaldadeild, grunn- og framhaldsdeild og hópfimleikadeild
- Garpur
- Félagsmálaskjöldur Gerplu



AFREKSBIKAR GERPLU Í ÁHALDAFIMLEIKUM KARLA OG KVENNA

Afreksbikar Gerplu í áhaldafimleikum er árlega veittur í kvenna og karlaflokki þeim einstaklingum sem náð hafa bestum árangri af félagsmönnum í áhaldafimleikum í frjálsum æfingum. Handhafar afreksbikars Gerplu hafa hann til varðveislu í eitt ár eða þar til honum er næst úthlutað. Jafnframt hljóta handhafar viðurkenningu til eignar.

Afreksbikar Gerplu áhaldafimleikar karla: Valgarð Reinhardsson

Valgarð Reinhardsson hefur verið einn besti fimleikamaður landsins um nokkurt skeið. Þetta tímabil var ekki undanskilið því Valgarð var einn af burðarstólpunum í liði Gerplu sem sigraði svo eftirminnilega á bikarmóti

Fimleikasambands Íslands annað árið í röð. Valgarð gerði sér svo lítið fyrir og sigraði fjölþrautarkeppnina á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum sem haldið var í Laugardalshöllinni í mars. Sterkir keppendur voru mættir til leiks á mótið en Valgarð gaf ekkert eftir og sigraði fjölþrautarkeppnina með yfirburðum. Valgarð er á ótrúlegri siglingu þessa dagana og eflaust mun hann láta ljós sitt skína á norðurlandamótinu sem haldið er í Danmörku í júlí og á Evrópumeistaramótinu í Glasgow í ágúst.

Afreksbikar Gerplu áhaldafimleikar kvenna: Thelma Aðalsteinsdóttir

Thelma Aðalsteinsdóttir hefur aldeilis náð að stimpla sig vel inn sem ein af bestu fimleikakonum í fullorðinslandslíði Íslands með frábærum árangri síðastliðið ár. Thelma var valin í landsliðshóp Íslands sem keppti á Norður-Evrópumóti í áhaldafimleikum í Færeyjum þar sem liðið varð í 1. sæti, einnig komst Thelma í úrslit á sínu fyrsta móti í fullorðinsflokki á tvíslá og hafnaði í 2. sæti frábær árangur hjá þessari ungu fimleikakonu. Thelma varð síðan í 3. sæti í fjölþraut á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum. Thelma var síðan valin nú á dögnum í landsliðshóp fyrir Norðurlandamót og Evrópumót sem fara fram í sumar.

AFREKSBIKAR GERPLU Í HÓPFIMLEIKUM

Afreksbikar Gerplu í hóp fimleikum er árlega veittur þeim hóp eða einstaklingi sem náð hefur bestum árangri af félagsmönnum í hóp fimleikum samkvæmt alþjóðlegum reglum. Hópurinn hefur bikarinn til varðveislu í eitt ár eða þar til honum er næst úthlutað. Jafnframt hljóta handhafar viðurkenningu til eignar.

Afreksbikar Gerplu í hóp fimleikum: Valgerður Sigfinnsdóttir

Allir hérna ættu að þekkja Völu ef ekki þá ættu þeir sem þekkja hana ekki að prufa að googla hana og sjá allt sem þessi magnaða afkrekskona hefur gert. Vala stóð sig mjög vel með Gerplu þetta tímabil. Vala var fyrirliði kvennaliðs Gerplu sem var hársbreidd frá því að verja Íslandsmeistaratitilinn frá því árinu áður og spilaði hún þar stórt hlutverk. Afrekið sem Vala hlýtur verlaunin fyrir eru þau að á Toppmótinu í febrúar gerði Vala sér lítið fyrir og gerði stökk sem engin kvenmaður í heiminum hefur keppt með áður ekki nóg með það heldur bætti hún um betur á Bikarmótinu nokkrum vikum seinna og bætti heilli skrúfu við stökkið og var því einnig fyrst í heiminum að keppa með það stökk í keppislendingu.

HVATNINGABIKAR GERPLU Í ÁHALDAFIMLEIKUM

Hvatningabikar Gerplu í áhaldafimleikum er veittur einstaklingum í karla og kvenna flokki sem sýnt hafa sérstakan árangur eða framfarir í áhaldafimleikum. Handhafar bikarsins fá hann til varðveislu í eitt ár eða þar til honum er næst úthlutað. Jafnframt hljóta handhafar viðurkenningu til eignar.

Hvatningabikar Gerplu í áhaldafimleikum kvenna: Birta Björg Alexandersdóttir

Birta Björg Alexandersdóttir hefur náð frábærum árangri síðastliðin ár og er búin að bæta við sig erfiðleika jafnt og þétt. Hún sýndi það og sannaði á Bikarmótinu í vor hversu öflug hún er og var fjórða stigahæsta stúlkan í fullorðinsflokki fast á hæla þeirra sem hafa skipað landslið Íslands síðastliðin ár. Birta Björg var tekin

inn í landsliðshóp nú í vor eftir frábært keppnistímabil. Það verður virkilega gaman að fylgjast með henni á komandi árum hún er að vel að þessum titli komin.

Hvatningabikar Gerplu í áhaldafimleikum karla: Dagur Kári Ólafsson

Dagur Kári er 15 ára gamall og hefur æft með Gerplu frá unga aldri. Dagur er núverandi Íslandsmeistari í 1.þrepi en þess má einnig geta að hann vann til gullverðlauna á bogahesti í úrslitum Íslandsmótins í áhaldafimleikum sem haldið var í laugardalshöllinni í mars. Hann var stigahæsti keppandinn á bogahestinum þá helgina bæði í unglunga og fullorðinsflokki. Dagur var nýlega valinn til að keppa fyrir Íslands hönd á norðurlandamótinu í áhaldafimleikum sem haldið verður í Danmörku í júlí. Það verður gaman að fylgjast með þessum unga og efnilega fimleikamanni í framtíðinni.

HVATNINGABIÐURKUN GERPLU Í HÓPFIMLEIKUM

Hvatningabikar Gerplu í hópfimleikum er veittur hópum í karla-, mix og kvenna flokki sem sýnt hafa sérstakan árangur eða framfarir í hópfimleikum. Handhafar bikarsins fá hann til varðveislu í eitt ár eða þar til honum er næst úthlutað. Jafnframt hljóta handhafar viðurkenningu til eignar.

Hvatningabikar Gerplu í hópfimleikum karla-, mix eða kvenna flokki: 3.flokkur 2-4

Það hefur veirð mjög gaman að fylgjast með 3.fl hjá okkur í vetur. Hóparnir hafa allir tekið miklum framförum.

3.flokkur lið 2 hefur verið í mikilli sókn allt árið, liðið keppti í A deild á einu móti í vetur og B deild á seinasta móti vetrarins og varð í 2 sæti í þeirri deild.

3.fl 3 átti ekki sinn besta dag á fyrsta móti vetrarins og fór því í c deild en stelpurnar unnu sig upp í b deild á Bikarmótinu og kepptu þar á Íslandsmótinu og enduðu í 4.sæti í þeirri sterku deild.

Svo er það 3.fl 4 sem kepptu á tveim stökkfimimótum í vetur. Þær hafa einni lagt mikið á sig á æfingum og hafa bætingar hópsins verið miklar.

Það er frábært að hafa svona stóran og breiðan hóp hjá okkur og fögnum við því mikið að sjá hversu vel þessi lið eru að standa sig. Þær hafa sýnt og sannað í vetur að æfingin skapar meistarann og erum við afar stolt af árangri þeirra í vetur og viljum með þessari viðurkenningu hvetja þær áfram á sömu braut.

ÞJÁLFARAVIÐURKENNINGAR

Viðurkenning sem veitt er þjálfurum í grunnhópum, hópfimleikum og áhaldafimleikum, sem náð hafa athygliverðum árangri í starfi sínu innan félagsins. Handhafar þessarar viðurkenningar fá viðurkenningu til eignar.

Þjálfaraviðurkenning áhaldafimleikar: Andrea Kovats Fellner

Andrea Kovats-Fellner er fyrrum landsliðskona í áhaldafimleikum fyrir Ungverjaland, hún kom til starfa í Gerplu árið 2012 með eiginmanni sínum. Andrea hefur stýrt meistarahópi Gerplu ásamt eiginmanni sínum

síðan árið 2015, ásamt því að hafa þjálfað öll þrep og yngri fimleikahópa hjá félaginu frá því hún kom til landsins. Hún hefur sýnt það og sannað að hún er ein af okkar allra bestu fimleikþjálfurum á Íslandi. Hún er með ótrúlega góða nærveru, hún er ljúf en samt ákveðin og nær hún því allra besta fram í sínum nemendum enda með mikla reynslu sjálf sem iðkandi og svo þjálfari. Hún hefur farið í nokkrar landsliðsferðir sem þjálfari fyrir Íslands hönd og hefur hún gefið mjög gott orð af sér, og allstaðar sem hún kemur er hún vel liðin þar sem hún er einstaklega jákvæð og brosmild.

Þjálfaraviðurkenning hópfimleikar: Philip Rosenkilde Holck

Philip er búinn að vera hjá okkur í tvö ár núna í vor. Philip var í vetur einn af þjálfurum á 3.fl 1 sem var bikar, Íslands og deildarmeistari í vetur og tapaði ekki einu móti. Philip hefur einnig verið að standa sig mjög vel í uppbyggingunni í strákadeildinni í hópfimleikum sem við byrjuðum á síðasta haust. Philip er duglegur, skipulagður og vel liðinn bæði hjá samþjálfurum og ikendunum sínum. Ekki skemmir fyrir að Philip er fyrir löngu farin að tala reiprennandi íslensku. Við erum mjög ánægð með að hann ætlar að vera a.m.k. eitt ár í viðbót hjá okkur og vonumst auðvitað til að hann verði sem lengst hjá okkur.

Þjálfaraviðurkenning grunn- og framhaldshópar: Erna Sif Beck

Erna Sif er ein af okkar ungu þjálfurum sem hafa staðið sig frábærlega í þjálfun í vetur. Erna er ábyrgðarfull, samviskusöm og stundvís. Hún er stundvís og eljusöm, skýr og góður leiðbeinandi og flott fyrirmynd. Hún er iðkandi í 1.flokki í hópfimleikum. Hún er einnig alltaf fyrst til að aðstoða þegar þarf, hefur verið áberandi núna fyrir vorsýningu og er dugleg að taka forföll og vinnur hjá okkur á sumrin jafnt sem veturna.

Þjálfaraviðurkenning almenn deild: Gylfi Guðmundsson

Gylfi er einn af demöntunum okkar í Gerplu. Hann er í fullu starfi sem íþróttakennari og kemur svo í Gerplu að þjálfa á kvöldin og um helgar, á hjóli. Hann þjálfar í áhaldafimleikadeild karla, fimleikadeild karla og almennri deild. Hann tók að sér bangsafimleikaverkefnið sem hefur slegið heldur betur í gegn hjá okkur en fullt er í hópinn og langur biðlisti án þess að við höfum nokkuð auglýst. Gylfi lætur mikið af sér kveða og er ýmislegt til lista lagt. Hann smíðaði til að mynda „pegboard“ sjálfur í sínum frítíma og setti upp hér í vestursalnum og njóta allir iðkendur Gerplu.

GARPUR

Garpur er bikar sem árlega er veittur iðkanda, þjálfara eða sjálfboðaliða fyrir athyglivert framtak innan félagsins. Handhafi bikarsins fær hann til varðveislu í eitt ár eða þar til honum er næst úthlutað. Jafnframt fær handhafi Garps viðurkenningu til eignar.

Garpur: Elliot Tilman Helms

Elliot er bandaríkjamaður sem starfað hefur hjá Gerplu í rúmt ár. Hann kemur frá Suður Karólínuríki en áður en hann hóf störf hjá Gerplu starfaði hann sem þjálfari í Woodward's fimleikaklúbbnum sem af mörgum er talinn vera í fremstu röð í heiminum í dag. Þekking Elliot á kennslufræðilegu þáttum fimleika er

framúrskarandi og hafa iðkendur undir hans leiðsögn tekið miklum framförum síðan að hann hóf störf hjá félaginu. Elliot er mikill áhugamaður um land og þjóð og má þess geta að hann er nánast búinn að læra íslensku á þeim stutta tíma sem hann hefur verið hjá okkur. Elliot er ósérhlífinn en ákveðinn og sýnir bæði iðkendum og þjálfurum með fordæmi hversu miklu er hægt að áorka með jákvæðum og góðum samskiptaháttum. Elliot er svo sannarlega hvalreki fyrir Gerplu og vel að titlinum kominn.

FÉLAGSMÁLASKJÖLDUR GERPLU

Félagsmálaskjöldur Gerplu er árlega veittur einstaklingi sem í mörg ár hefur starfað á ósérhlífinn hátt að félagsmálum innan Gerplu. Handhafi félagsmálaskjaldarins hefur hann til varðveislu í eitt ár eða þar til honum er næst úthlutað. Jafnframt skal handhafi félagsmálaskjaldarins hljóta viðurkenningu til eignar.

Félagsmálaskjöldur Gerplu: Halldóra S. Guðvarðardóttir

Halldóra er ein af þessum foreldrum sem við erum afar heppin að hafa innan okkar raða. Halldóra fær ýmsar hugmyndir og er gaman að fylgjast með henni vaða áfram og hrinda þeim í framkvæmd. Hún var til að mynda ein af þeim sem stóð fyrir fyrsta konukvöldi Gerplu í vetur sem tókst svakalega vel til og er án efa komið til að vera. Það er ekki það eina en bar hitan og þungan af vinnunni í fjáröflunarnefndinni í vetr. Það er aldrei komið að tómun kofanum þegar hún er beðin um að veita hjálparhönd. Við erum afar þakklát fyrir að eiga eina Halldóru og óskum henni innilega til hamingju með þessa tilnefningu.

UPPSKERUHÁTIÐ ÍTK

Uppskeruhátíð ÍTK var að þessu sinni haldin í húsnæði HK í Kórnum. Uppskeruhátíðin er samstarfsverkefni ÍTK og Íþróttafélagana í Kópavogi og var komið að HK að halda hátíðina. Gerplufólk fékk viðurkenningar á hátíðinni fyrir góðan árangur á liðnu ári en einnig fengu fimleikamenn í unglingsflokki og fullorðinsflokki viðurkenningu frá ÍTK en það voru þau Martin Bjarni Guðmundsson og Sonja Margrét Ólafsdóttir í unglingsflokki og Agnes Suto og Valgarð Reinhardsson í fullorðinsflokki.

MÓT, VIÐBURÐIR, ÁRANGUR

Gerpluiðkendur voru áberandi í íslensku og erlendu fimleikalífi.

Gerplufólk í landsliðum Íslands spilaði stór hlutverk á Evrópumótinu í hóp fimleikum, ásamt Norðurlandamótinu í áhaldafimleikum, Norður Evrópumótinu í áhaldafimleikum og Evrópumótinu í áhaldafimleikum. Gerpla átti marga fulltrúa á þessum mótum og ber hæst að nefna stúlkurnar okkar sem urðu Evrópumeistarar með stúlknalandsliði Íslands í Slóveníu í haust. Það eru þær Stella Einarsdóttir, Birta Ósk Þórðardóttir, Gyða Einarsdóttir, Karitas Inga Jónsdóttir og Eyrún Inga Sigurðardóttir

Þá var gaman að fylgjast með ungu kynslóðinni á mótum Fimleikasambandsins í vetur. Gerpla mætti til leiks með gífurlega breidd og fjölda þátttakenda bæði í áhalda –og hóp fimleikum sem sýnir vel fjölbreytnina innan félagsins og þær áherslur í starfinu að gefa öllum tækifæri á að vera með.

Gerpla kom sá og sigraði á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum og hóp fimleikum í ár. Við eignuðumst 3 fjölþrauttitla af 4 mögulegum í áhaldafimleikum og einnig sigrðum við í 3 flokkum af 3 mögulegum í hóp fimleikum. Ótrúlegur árangur sem seint verður leikinn eftir.

ÁHALDAFIMLEIKAR INNANLANDS

Iðkendur félagsins tóku þátt á fjölda móta á keppnistímabilinu og er listinn hér að neðan ekki tæmandi:

TM MÓTIÐ

Kept var um sæti á einstökum áhöldum í þremur flokkum kvenna og tveimur flokkum karla.

Fyrirtækjamót	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi	Sæti
Unglingaflokkur	KK	Gólf	Martin Bjarni Guðmundsson	1.sæti
Unglingaflokkur	KK	Bogahestur	Martin Bjarni Guðmundsson	1.sæti
Unglingaflokkur	KK	Stökk	Martin Bjarni Guðmundsson	1.sæti
Karlaflokkur	KK	Gólf	Guðjón Bjarki Hildarson	1.sæti
Karlaflokkur	KK	Stökk	Guðjón Bjarki Hildarson	1.sæti

Karlaflokkur	KK	Tvíslá	Guðjón Bjarki Hildarson	1.sæti
Karlaflokkur	KK	Bogahestur	Arnpór Daði Jónasson	1.sæti
Karlaflokkur	KK	Bogahestur	Guðjón Bjarki Hildarson	3.sæti
Unglingaflokkur	KVK	Stökk	Sandra Rós Davíðsdóttir	3. sæti
Kvennaflokkur	KVK	Stökk	Agnes Suto	2. sæti
Kvennaflokkur	KVK	Tvíslá	Agnes Suto	1. sæti
Kvennaflokkur	KVK	Jafnvægisslá	Agnes Suto	2. sæti
Kvennaflokkur	KVK	Jafnvægisslá	Thelma Aðalsteinsdóttir	3. sæti
Kvennaflokkur	KVK	Gólf	Agnes Suto	1. sæti

HAUSTMÓT I – ÞREP 5.-4. ÞREP

Á Haustmóti í yngri þrepum Fimleikastígans var keppt í liðakeppni. Hverju þrepi fyrir sig var skipt niður í aldursflokka. Gerpla var sigursæl hjá stúlkunum og hreppti alls tvenn gullverðlaun og fern silfurverðlaun.

Haustmót 4.-5. Þrep	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi	Sæti
5. þrep 10 ára	KVK	Liðakeppni	Alexandra Sól Gísladóttir og Margrét Davíðsdóttir	1.sæti
5. þrep 11 ára og eldri	KVK	Liðakeppni	Ingibjörg Eva Sverrisdóttir, Ísabella Ösp Davíðsdóttir, Stella Bergrán Snorradóttir og Íris Harpa Jónsdóttir	1.sæti
4. þrep 9 ára	KVK	Liðakeppni	Diljá Dís Sigtryggisdóttir og Rakel Sigurðardóttir	2.sæti
4. þrep 10 ára	KVK	Liðakeppni	Tinna Dögg Sigurðardóttir, Freyja Sif Pálsdóttir, Sóley María Davíðsdóttir, Aldís Inga	2. sæti

			Hrannarsdóttir, Jada Birna Easter, Sóley Jóhannesdóttir	
4. þrep 11 ára	KVK	Liðakeppni	Hrafnhildur Emilía Helgadóttir, Vigdís Helga Atladóttir, Thelma Ósk Björgvinsdóttir, Hildur Ylfa Eybórsdóttir, Gunnhildur Hekla Gunnarsdóttir, Emilía Rún Guðnadóttir	2. sæti
4. þrep 12. ára og eldri	KVK	Liðakeppni	Birgitta Björk Birgisdóttir, Linda María Petersen, Jóhanna Birna Guðmundsdóttir, Helga Freydís Brynjarsdóttir, Hekla Kristín Lund	2. sæti

HAUSTMÓT II – FRJÁLSAR ÆFINGAR, 1. -3. ÞREP

Líkt og á Haustmóti 5.-4. þreps var keppt í fjölþraut á þessu móti ásamt einstökum áhöldum. Gerpla var sigursæl á mótinu líkt og í yngri flokkunum og vann alls til fimm gullverðlauna, tvennra silfurverðlauna og einna bronsverðlauna.

Haustmót II	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi	Sæti
Frjálsar	KVK	Fjölþraut	Agnes Suto	2. sæti
Frjálsar	KVK	Stökk	Agnes Suto	3. sæti
Frjálsar	KVK	Tvíslá	Thelma Aðalsteinsdóttir	3. sæti
Frjálsar	KVK	Jafnvægisslá	Agnes Suto	1. sæti
Frjálsar	KVK	Jafnvægisslá	Thelma Aðalsteinsdóttir	3. sæti
Frjálsar	KVK	Gólf	Agnes Suto	2. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Fjölþraut	Sonja Margrét Ólafsdóttir	3. sæti

Unglingaflokkur	KVK	Tvíslá	Sonja Margrét Ólafsdóttir	1. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Gólf	Tinna Sif Teitsdóttir	2. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Gólf	Sonja Margrét Ólafsdóttir	3. sæti
1. þrep 14 ára og eldri	KVK	Fjölþraut	Birta Björg Alexandersdóttir	1. sæti
1. þrep 14 ára og eldri	KVK	Fjölþraut	Sandra Rós Davíðsdóttir	3. sæti
1. þrep 14 ára og eldri	KVK	Tvíslá	Birta Björg Alexandersdóttir	1. sæti
1. þrep 14 ára og eldri	KVK	Tvíslá	Sandra Rós Davíðsdóttir	3. sæti
1. þrep 14 ára og eldri	KVK	Jafnvægisslá	Birta Björg Alexandersdóttir	1. sæti
1. þrep 14 ára og eldri	KVK	Jafnvægisslá	Sandra Rós Davíðsdóttir	2. sæti
1. þrep 14 ára og eldri	KVK	Gólf	Birta Björg Alexandersdóttir	1. sæti
1. þrep 14 ára og eldri	KVK	Gólf	Sandra Rós Davíðsdóttir	3. sæti
1. þrep 13 ára og yngri	KVK	Fjölþraut	Sunna Kristín Ríkharðsdóttir	1. sæti
1. þrep 13 ára og yngri	KVK	Fjölþraut	Lísa Rut L. Ingvaldsdóttir	3. sæti
1. þrep 13 ára og yngri	KVK	Stökk	Lísa Rut L. Ingvaldsdóttir	1. sæti
1. þrep 13 ára og yngri	KVK	Tvíslá	Lísa Rut L. Ingvaldsdóttir	1. sæti
1. þrep 13 ára og yngri	KVK	Tvíslá	Sunna Kristín Ríkharðsdóttir	2. sæti
1. þrep 13 ára og yngri	KVK	Jafnvægisslá	Sunna Kristín Ríkharðsdóttir	2. sæti
1. þrep 13 ára og yngri	KVK	Gólf	Lísa Rut L. Ingvaldsdóttir	1. sæti
1. þrep 13 ára og yngri	KVK	Gólf	Sunna Kristín Ríkharðsdóttir	2. sæti
2. þrep 12 ára og yngri	KVK	Fjölþraut	Hera Lind Gunnarsdóttir	1. sæti

2. þrep 12 ára og yngri	KVK	Fjölþraut	Björk Caidi Bárðardóttir	2. sæti
2. þrep 12 ára og yngri	KVK	Stökk	Björk Caidi Bárðardóttir	1. sæti
2. þrep 12 ára og yngri	KVK	Stökk	Hildur Maja Guðmundsdóttir	2. sæti
2. þrep 12 ára og yngri	KVK	Stökk	Hera Lind Gunnarsdóttir	3. sæti
2. þrep 12 ára og yngri	KVK	Tvíslá	Hera Lind Gunnarsdóttir	1. sæti
2. þrep 12 ára og yngri	KVK	Tvíslá	Björk Caidi Bárðardóttir	3. sæti
2. þrep 12 ára og yngri	KVK	Jafnvægisslá	Hera Lind Gunnarsdóttir	2. sæti
2. þrep 12 ára og yngri	KVK	Gólf	Björk Caidi Bárðardóttir	1. sæti
2. þrep 12 ára og yngri	KVK	Gólf	Hildur Maja Guðmundsdóttir	2. sæti
2. þrep 12 ára og yngri	KVK	Gólf	Hera Lind Gunnarsdóttir	3. sæti
3. þrep 11 ára og yngri	KVK	Fjölþraut	Erika Líf Káradóttir	2. sæti
3. þrep 11 ára og yngri	KVK	Fjölþraut	Dagný Björt Axelsdóttir	3. sæti
3. þrep 11 ára og yngri	KVK	Tvíslá	Dagný Björt Axelsdóttir	2. sæti
3. þrep 11 ára og yngri	KVK	Tvíslá	Ingibjörg Ösp Gunnarsdóttir	3. sæti
3. þrep 11 ára og yngri	KVK	Jafnvægisslá	Hanna María Petersdóttir	1. sæti
3. þrep 11 ára og yngri	KVK	Gólf	Hanna María Petersdóttir	2. sæti
3. þrep 12 ára	KVK	Stökk	Anna Kamilla Hlynsdóttir	3. sæti
3. þrep 12 ára	KVK	Tvíslá	Eva Elínbjört Guðjónsdóttir	3. sæti
3. þrep 12 ára	KVK	Jafnvægisslá	Anna Kamilla Hlynsdóttir	2. sæti
3. þrep 12 ára	KVK	Gólf	Anna Kamilla Hlynsdóttir	2. sæti

3. þrep 13 ára og eldri	KVK	Stökk	Helga María Hjaltadóttir	2. sæti
3. þrep 13 ára og eldri	KVK	Stökk	Dagný Lind Hreggviðsdóttir	3. sæti
3. þrep 13 ára og eldri	KVK	Jafnvægisslá	Helga Sonja Matthíasdóttir	1. sæti
3. þrep 13 ára og eldri	KVK	Gólf	Helga Sonja Matthíasdóttir	1. sæti
Karlaflokkur	KK	Gólf	Eypór Örn Baldursson	1. sæti
Karlaflokkur	KK	Gólf	Hrannar Jónsson	2. sæti
Karlaflokkur	KK	Gólf	Hróbjartur Pálmar Hilmarsson	3. sæti
Karlaflokkur	KK	Bogahestur	Eypór Örn Baldursson	2. sæti
Karlaflokkur	KK	Hringir	Tomi Tuuha	1. sæti
Karlaflokkur	KK	Hringir	Eypór Örn Baldursson	2. sæti
Karlaflokkur	KK	Tvíslá	Tomi Tuuha	2. sæti
Karlaflokkur	KK	Tvíslá	Hróbjartur Pálmar Hilmarsson	3. sæti
Unglingaflokkur	KK	Fjölþraut	Leó Björnsson	2. sæti
Unglingaflokkur	KK	Fjölþraut	Arnór Már Másson	3. sæti
Unglingaflokkur	KK	Gólf	Atli Þórður Jónsson	1. sæti
Unglingaflokkur	KK	Gólf	Arnór Már Másson	2. sæti
Unglingaflokkur	KK	Bogahestur	Arnór Már Másson	1. sæti
Unglingaflokkur	KK	Bogahestur	Leó Björnsson	2. sæti
Unglingaflokkur	KK	Bogahestur	Atli Þórður Jónsson	3. sæti
Unglingaflokkur	KK	Hringir	Atli Þórður Jónsson	2. sæti

Unglingaflokkur	KK	Hringir	Leó Björnsson	3. sæti
Unglingaflokkur	KK	Stökk	Arnór Már Másson	1. sæti
Unglingaflokkur	KK	Stökk	Atli Þórður Jónsson	3. sæti
Unglingaflokkur	KK	Tvíslá	Arnór Már Másson	2. sæti
